

MENNTUN-MANNRÆKT

TENGILL

25. árg. , 4. tbl.

Ábm. Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri

15. október 2007

Í þessu fréttabréfi:

Vetrarleyfi	1
Námsferð starfsfólks	1
Haustrfundur / náms- efniskynning	1
Samræmd próf	1
Foreldrafélag	2
Foreldraráð	2
Nemendaráð	2
Norrænaskólahlupið	2
Valgreina og samstarf	2
Forvarnir	3
Heimsóknir í 1.-7. bekk	3
Lestrarsprettur	4
Fjölgreindarval	4
Frimínútur	4
Óskilamunir	4

Starfsdagar og Vetrarleyfi

22. til 24. október eru starfsdagar í skólanum.
25. og 26. október eru vetrarleyfis dagar.
Nemendur eiga frí þessa daga.




Námsferð starfsfólks


Starfsmenn skólans fara í námsferð til Boston á starfsdögum. Þar munu þeir fá fræðslu og kynningu á PBS (Positive Behavior Support) sem er heildstætt vinnulag með þann tilgang að hvetja til jákvæðrar hegðunar með kerfisbundum hætti. Við væntum þess að þessi námsferð muni skila miklu inn í skólastarf Njarðvíkurskóla.

Haustrfundur - námsefniskynning

Nú í september var haldinn haustrfundur með foreldrum hér í skólanum. Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri kynnti niðurstöður kannana um hegðun og líðan nemenda á mið- og eldra stigi. Vakinn var athygli á starfi Foreldrafélags Njarðvíkurskóla og foreldrar hittu umsjónarkennara sem fóru yfir starfið, námsáætlanir og markmið vetrarins.

Það var ánægjulegt að sjá hve margir foreldrar sáu sér fært að mæta og þökkum við þeim kærlega fyrir ánægjulega kvöldstund.




Vefsíða skólans:
www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000



Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Fimmtudagur 18. október íslenska kl. 9:15
Föstudagur 19. október stærðfræði kl. 9:15

Prófin hefjast kl. 9:30 báða dagana en **nemendur eiga að mæta í skólann kl. 9:15.**

Önnur kennsla hjá 4. og 7. bekk fellur niður þessa daga. Nemendur eru hvattir til að mæta úthvíldir og vel undirbúnir í prófin. Einnig að borða hollan morgunmat og vera með hollt og gott nesti með sér.



Foreldrafélag, foreldraráð og nemendaráð Njarðvíkurskóla '07-'08

Í stjórn foreldrafélagsins eru:

- Agnés Lára Magnúsdóttir, formaður
- Sigríður Dúa Goldsworty, ritari
- Jónína M. Hermannsdóttir, gjaldkeri
- Lilja Bjarnadóttir, meðstj.
- Guðbjörg Snorradóttir, meðstj.

Í stjórn foreldraráðs skólans eru:

- Alexander Ragnarsson, formaður
- Agnés Lára Magnúsdóttir, ritari
- Halldóra Halldórsdóttir, meðstj.
- Vordís Heimisdóttir, meðstj.

Nemendaráð

Farin var sú leið, í ár að gera nemenda-, auglýsinga- og íþróttaráð að valfagi. 25 nemendur eru í tómsundavali í 8.-10. bekk. Auk þeirra eru í nemendaráði fulltrúar úr 7. bekk. Nemendurnir sjá um tómsunda- og íþróttaviðburði innan skólans auk annarra tilfallandi verkefna. Formaður nemendaráðs er Bjarki Brynjólfsson, 10. AB og varaformaður er Þórunn Kristjánsdóttir, 10. SD.

Norræna skólahlaupið 2007

Föstudaginn 28. september hlupu allir nemendur skólans Norræna skólahlaupið. Íþróttakennarar skipulögðu hlaupahring sem var um 1,5 km langur og hlupu yngri nemendur einn hring en eldri nemendur hlupu tvo. Þó voru nokkrir nemendur sem hlupu meira. Þegar nemendur komu í mark fengu allir djús og kex, kærkomna hressingu. Nemendur fá síðar viðurkenningarskjal fyrir hlaupið.





Skemmtilegt samstarf um valgreinar

Njarðvíkurskóli og Björgunarsveitin Suðurnes hafa gert með sér samkomulag um að nemendur í 9. og 10. bekk, sem taka þátt í starfi unglíngadeildarinnar Kletts, fái það metið sem valgrein. Nemendur læra m.a. hjálp í viðlögum og fá þjálfun í starfi björgunarsveita. Markmiðið er að nemendur leggi stund á heilbrigðar lífsvenjur, styrkist og eflist sem einstaklingar og geti orðið öflugir liðsmenn Björgunarsveitarinnar í framtíðinni.

Brynjar Ásmundsson heldur utan um starfið hjá Kletti og verður í samstarfi við Guðrúnu Guðmundsdóttur, deildarstjóra. Mjög góð reynsla er af svipuðu samkomulagi sem gert var við UMFN í fyrra þar sem nemendur sem stunda íþróttæfingar reglulega fá þær metnar sem valgrein.






Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra varðandi forvarnir

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Foreldrar eru hvattir til að halda útivistartímann því það er ein besta forvörnin.

Einnig langar okkur að benda á að nemendum er heimilt skv. skólareglum að koma á hjólum í skólan en óheimilt er að nota þau í frímínútum á skólalóðinni.



Einnig að í reglugerð nr. 631/1999 frá Dóms- og kirkju-málaráðuneyti skulu öll börn yngri en 15 ára nota hjálm við hjólreiðar.



Heimsókn frá björgunarsveitinni og lögreglu—1. - 7. bekkur

Liður í fræðslu í forvarnaviku Reykjanesbæjar var heimsókn frá vöskum konum úr kvennasveitinni Dagbjörtu sem tilheyrir Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Þær afhendu öllum nemendum í 1.-7. bekk glæsileg endurskinsmerki, bæði til að hengja á töskuna og á úlpuna sína. Nemendur tóku vel á móti þessum gjöfum. Einnig kom Kristján Geirsson lögregluþjónn í heimsókn til yngri nemenda og fór yfir ýmislegt varðandi öryggi og forvarnir. Hann ræddi um hjálmanotkun nemenda, hvar þau eiga að sitja í bílnum, notkun öryggisbelta og endurskinsmerkja. Nemendur taka ávallt vel á móti Krissa löggu og komust færri að en vildu til að spyrja hann spurninga. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir gott samstarf.






Lestrarsprettur haustannar

Mánudaginn 29. október hefst lestrar-sprettur haustannar. Honum lýkur form-lega á degi íslenskrar tungu sem er 16. nóvember. Nemendur eru hvattir til að lesa á hverjum degi heima, a.m.k. í korter auk þess sem aukin áhersla er lögð á lestur í skólanum. Við viljum hvetja foreldra að aðstoða börnin sín í lestrar-sprettinum, kvitta fyrir lesnar bækur hjá yngri nemendum og hvetja þau til lestrar heima.

Lestur er bestur



Æfingin skapar meistarann



Fjölgreindarval

Umsjónarkennarar í 1.- 6. bekkja hafa útfært fjölgreindaval í tvær kennslustundir á viku. Verkefnið gengur út frá fjölgreindakenningu Gardners, að hver einstaklingur fái að njóta sín á sínum eigin forsendum. Í 5.-6. bekk útfærðu kennarar fjölgreindarvalsins hverja stöð með indíánapema og hefur það tekist mjög vel. Fjölgreindarvalstímar eru hjá 1.-2. bekk á miðvikudögum kl. 12:00-13:20, hjá 3.-4. bekk á föstudögum kl. 12:00-13:20 og hjá 5.-6. bekk á fimmtudögum kl. 12:40-14:00. Foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn í þessa tíma.



Frímínútur

Nú fer að kólna í veðri og íslenskt veðurfar getur verið mjög umhleypingasamt. Nemendur í 1.- 6. bekk fara út í frímínútur og í hádegis-hléi og er því mikilvægt að börnin komi klædd eftir veðri í skólann. Einnig er gott að hafa auka sokka í skólastöskunni.

Óskilamunir

Ótrúlegt er hve mikið safn-ast af óskilamunum hér og í Íþróttamiðstöðinni. Við hvetjum alla foreldra til **að merkja fót og töskur** barna sinna og gefa sér tíma til að fara í gegnum óskilamunina ef eitthvað vantar.